



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 328 – 290. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á barnalögum.

MRSÍ er þeirrar skoðunar að frumvarpið í heild sinni sé til þess fallið að bæta stöðu og rétt barna við erfiðar aðstæður eins og skilnað eða sambúðarslit foreldra. Það er sérstaklega jákvætt að frumvarpið veiti börnum aukinn rétt til að láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé tillit til þess að meginreglan um hvað sé barni fyrir bestu skuli ávallt ráða.

Frumvarpið var lagt fram á 139. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Nú er það lagt fram að nýju í efnislega óbreyttri mynd að öðru leyti en því að lagt er til að heimild til aðfarar í þeim tilgangi að koma á umgengni við barn verði felld brott úr lögnum. MRSÍ hefur þegar skilað inn umsögn um frumvarpið þegar það var lagt fyrir á 139. löggjafarþingi og vísar til umfjöllunar sinnar þar um þau atriði frumvarpsins sem eru óbreytt.¹ Að öðru leyti fagnar MRSÍ því að heimildin til aðfarar vegna tálmunar á umgengni hafi verið fjarlægð úr frumvarpinu, enda hefur skrifstofan áður lýst yfir áhyggjum af þeim skaða sem barn getur beðið af slíkri þvingun. MRSÍ styður því heilshugar brottfall heimildarinnar úr barnalögum þar sem grundvallarmarkmið barnasáttmálans um það sem er barni fyrir bestu gengur framur umgengisrétti foreldris.

MRSÍ telur enn fremur vert að áréttta að árið 1992 var Barnasáttmáli Sp fullgiltur fyrir Íslands hönd og árið 2009 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að lögfesta sáttmálann. Ísland er því skuldbundið að þjóðarétti til þess að tryggja réttindi barna samkvæmt sáttmálanum í innlendri löggjöf. Við breytingar á barnalögum er því mikilvægt að hafa barnasáttmálann að leiðarljósi og leitast við að öll ákvæði innlendrar löggjafar, sem varða réttindi barna, endurspegli sem best ákvæði hans.

MRSÍ telur að þær breytingar á barnalögum sem frumvarpið boðar séu í fullu samræmi við barnasáttmála Sp og Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Hins vegar metur skrifstofan það svo, að ekki sé gengið nægilega langt með frumvarpinu til að tryggja lögfestingu allra þeirra réttinda,

¹ Umsögn MRSÍ má finna hér <http://www.humanrights.is/verkefni/umsagnir/nr/3007>



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sem sáttmálinn kveður á um, í íslenskan rétt. Ber þar helst að nefna 37. gr. barnasáttmálans sem mælir fyrir um að barni sem svipt hafi verið frelsi sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum. Þessa reglu er einnig að finna í 3. mgr. 10. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi þar sem kveðið er á um að ófullveðja brotamenn skulu aðskildir frá fullorðnum mönnum og sæta meðferð sem hæfir aldri þeirra og réttarstöðu. Á Íslandi er hins vegar engu unglíngafangelsi til að dreifa né heldur lögum sem mæla fyrir um aðskilnað ungmenna sem svipt hafa verið frelsi sínu. Þar af leiðandi eru fangar yngri en 18 ára vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa innan um fullorðna fanga sem margir hverjir eru harðsvíraðir og með langan afbrotuferil að baki.

Að ofangreindu virtu er enn hvatt til þess að komið verði á fót einhvers konar kerfi og/eða stofnun þar sem ungum afbrotamönnum yrði haldið aðskildum frá fullorðnum og látnir sæta meðferð við hæfi. Barnaréttarnefnd Sp hefur í skýrslum sínum ítrekað lagt til að stjórnvöld tryggji með lögum að fangar undir lögaldri verði aðskildir frá fullorðnum eins og kveðið er á um áður nefndu ákvæði 37. gr. barnasáttmálans.² MRSÍ mælist því til þess að stjórnvöld dragi tilbaka fyrirvara við 37. gr. barnasáttmálans og geri í framhaldi af því nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða hann í landslög með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

² Sjá lokatilmæli barnaréttarnefndar Sp frá 31. janúar 2003, skjal Sp no. CRC/C/15/Add.203, 5. mgr. og einnig lokatilmæli barnaréttarnefndar Sp frá 6. Október 2011, skjal Sp no. CRC/C/ISL/CO/3-4.